

BRÁÐABIRGÐAGJALDSKRÁ

118

1. júlí

fyrir Rafveitu Hveragerðis.

Um heimtaugagjald.

1. gr.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við taugakerfi rafveitunnar, skal greiða heimtaugagjald. Skál það vera sem hér segir:

1. Grunngjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 400.—
2. Grunngjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug kr. 600.—

Auk þess grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppa í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

2. gr.

Húseigandi greiðir grunngjald heimtaugar um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið. Hinn hluti heimtaugagjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

3. gr.

Sá lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 qmm., skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Bráðabirgðagjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. júlí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.